

Litli Hver

Sláturgerð á Þorra



Föngulegur sláturgerðarhópur Geysis stokkar upp hefðirnar.

Frumleikinn ríður ekki við einteyming í Geysi, því gagnstætt hinum forna sið að búa til slátur í Gormánuði, var ákveðið að búa til slátur á Þorra Það er ekki örgrannt um að gaman hafi verið hjá þessum fríða hópi við sláturgerðina. Þorri er sá tími sem margir gera sér glaðan dag í mat og drykk, eins og vera ber. Eins og venjulega mun Geysir halda hið hefðbundna Þorrablót þann 8. febrúar og mun afrakstur sláturgerðarinnar vafalaust standa gestum til boða.

Þorrablót

Okkar árlega
þorrablót verður
haldið í Klúbbnum



Geysi fimmtudaginn 8. febrúar
næstkomandi. Húsið er opnað kl.
18.00 og borðhald hefst kl. 19.00.
Miðaverð er 1.500 krónur.



Vinsamlegast skráið
ykkur í síma 551-5166
eða á skráningarblað í
móttökunni fyrir
mánudaginn 5. febrúar,
ef þið hafið áhuga á að mæta á

Marókóskt kvöld

Opið hús
verður



Þinghúsið í Rabat

fimmtudaginn 1. febrúar. Kynnt verður
marókósk menning og snæddur
marókóskur matur. Sýnd verður
kvikmynd frá Maróko. Veg og vanda að
þessu menningarkvöldi verður í höndum
Kassem, sem unnið hefur í klúbbnum sem
sjálfbodaliði frá því í október. Skorur á

Frá og með 1. febrúar
mun verð á hádegismat
verða 350 kr., te 20 kr.,
og kaffi 20 kr.



Góð þátttaka og umræður á fundunum

Framkvæmdaáætlun

Eins og kunnugt er vann hópurinn sem
fór í þjálfun í Mósaiik klúbbinn
síðastliðið sumar, að framkvæmdaáætlun
fyrir Geysi, sem unnið hefur verið eftir
frá því þau komu úr þjálfun. Í lok febrúar
voru haldnir þrjár fundir þar sem farið var
yfir áætlunina með félögum og
starfsfólki og kannað hvernig klúbbnum
miðaði við að innleiða áætlunina.

Að mörgu leyti stendur klúbburinn vel
að vígi hvað framkvæmd áætlunarinnar
varðar en ekki eins vel í öðrum greinum
hennar. Við þessu mátti búast og því
nauðsynlegt að meta stöðuna svo hægt sé
að hnykkja á því sem betur má fara og
nauðsynlegt er að bæta sig í .

Það er álit allra að vel hafi tekist til með
fundina og voru félagar áhugasam um
framgang áætlunarinnar.

Á vordögum mun svo einn félagi og
starfsmaður frá Mosaik klúbbnum koma
í eftirfylgniheimsókn í Geysi, þar sem
árangur áætlunarinnar verður metinn.

Minnt er á að næsti fundur um
áætlunina verður haldinn klukkan þrjú
19. febrúar. Allir áhugasamir mæti.

Fréttir af húsfundum í janúar

3. janúar: Fundað verður vegna framkvæmdaáætlunar í janúar. Borist hefur tilboð í steypusögun frá Emstrum sem hljóðar upp á 259.956,- kr. með vsk. Það verður skoðað nánar. Styrkur hefur fengist frá Sparisjóðnum upp á 1.9 milljónir kr. Styrkurinn rennur til að stofna atvinnu- og menntunardeild á yfirstandandi ári.

10. janúar: Kristinn fjallaði um möguleikann á því að hækka matarverð upp í 350,- kr. líkt og hjá Geðhjálp. Einnig var talað um að allir greiddu símagjaldið við notkun símans. Spurning hvort hækka eigi umrætt gjald úr 20 kr. í 30 kr. Fengist hefur viljrði um að klúbburinn fái meðlimi í ICCD Clubhouse Advisory Council. Það þýðir með öðrum orðum að við fáum þátttöku í ráðgjafaráði ICCD sem meðal annars fer yfir viðmiðunarreglurnar. Okkur er boðið að framkvæmdastjóri og einn félagi verði í ráðinu og er um framtíðarskuldbindingu að ræða. Ákveðið var að Þorablót verði haldið þann 8. febrúar næstkomandi.

17. janúar: Helgi fær að sýna myndlist í matsalnum/teríunni frá 1. febrúar næstkomandi. Vinna stendur yfir með bókhald klúbbsins. Þorablót er framundan. Verð á blótið er 1.500 kr. Á fundinum var ákveðið að hækka verð á hádegismat úr 300 kr. í 350 kr. og símtalið í 30 kr.

24. janúar: Kynnt var þjónusta um geðheimahjúkrun sem stendur geðsjúkum til boða endurgjaldslaust á

vegum Reykjavíkurborgar og Kópavogs. Nánari upplýsingar og umsóknarblöð má nálgast í móttökunni.

Kynnt drög að nýju innleiðingar- og skráningarferli fyrir nýja félaga. Samþykkt að hækka verð á hádegismat, kaffi og te. (Sjá nánar frétt á síðu 2).

Fundur fyrir þá sem vilja hætta að reykja



Á stefnumótunarfundum í Geysi um reykingastefnu klúbbsins var ákveðið að leggja niður reykingar innanhúss. Hjúkrunarfræðingurinn, Margrét Eiríksdóttir, kemur í klúbbinn föstudaginn 2. febrúar kl. 11. Margrét verður með fund fyrir þá sem vilja hætta að reykja og getur hún liðsinnt þeim hinum sömu. Verður vafalaust mikið hægt að græða á því að vera á fundi með henni. Einhverjir hafa vafalítið ástæðu til að halda áramótaheit sem strengt hefur verið í þá veru að hætta reykingum á yfirstandandi ári.

Allar líkur á því að sagað verði fyrir lyftun

Ráðning til reynslu

Næstu RTR störf sem auglýst verða til umsóknar eru á Vitatorgi, sem losnar 5. mars og félagsmálaráðuneytinu sem losnar 10. apríl. Félagar sem áhuga hafa á þessum störfum eru hvattir til að setja sig tímanlega í réttar

Ný handbók um RTR

Unnið hefur verið að endurskoðun handbókar um RTR. Bókin er ætluð félögum jafn sem vinnuveitendum. Jafnframt þeirri vinnu sem lögð hefur verið í endurskoðunina mun efnið nýtast á heimasíðu klúbbsins.

Heilsuræktarunnendur

Félagar munið að heilsuræktarhópurinn hittist þrisvar í viku; mánudaga, miðvikudaga kl. 16 og föstudaga kl. 15. Alltaf er pláss fyrir áhugasama sem vilja stæla líkamann og vera í góðu formi. Allar nánari upplýsingar í Geysi.

Myndbirtingar í miðlum okkar

Við birtum reglulega myndir af félögum og starfsfólki í Litla-Hver, Gosinu, Geysir Chronicle, vefsíðu Klúbbsins og víðar. Ef félagi vill ekki að myndir séu birtar af honum í þessum miðlum þá er hann beðinn um að tilkynna óskir sínar varðandi myndbirtingar til viðkomandi ritstjórna

Fram undan í febrúar

Fimmtudagur 1. febrúar

Opið hús til kl. 20.00

Fimmtudagur 8. febrúar

Þorrablót. Húsið opnað kl. 18.00.

Miðaverð kr. 1.500

Félagar skrái sig fyrir 5. febrúar.

Fimmtudagur 15. febrúar

Ferð í Listasafn Íslands. Lagt af

stað frá Geysi kl 15.15.

Fimmtudagur 22. janúar

Gönguferð. Lagt af stað frá Geysi

kl. 16.15

Morgunfundir

Morgunfundir eru nú alla morgna og

hefst klukkan 09.00. Munið frían

morgunmat frá 9.00 til 9.30

Allir að mæta

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félaga til að mæta á fundina.

Húsfundir!

Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Rétti staðurinn fyrir félaga til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Allir að mæta!!!

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 08:30 - 16:00,
nema föstudaga er lokað kl. 15:00.